

## ÁLYKTUN AÐALFUNDAR SAMORKU 2018

Nú þegar loftslagsmál eru í brennidepli um allan heim vill aðalfundur Samorku árétta lykilhlutverk orku- og veitufyrirtækja í þeim áskorunum sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir.

Orku- og veitufyrirtækin hafa leitt orkuskiptin á Íslandi hingað til, með því að skipta út kolum, gasi og olíu fyrir endurnýjanlega orkugjafa. Fyrst með því að virkja vatnsafl og vinna úr því rafmagn og síðar með hitaveituvæðingu landsins. Áfram verða þau leiðandi nú þegar þriðju orkuskiptin blasa við.

Orkan sem heimili og fyrirtæki nota á Íslandi er framleidd með umhverfisvænum hætti og þar erum við í fararbroddi á heimsvísu. Íslendingar eru ennfremur í einstakri stöðu til að skipta út innfluttu jarðefnaeldsneyti yfir í innlenda, hagkvæma og hreina orkugjafa á sem flestum sviðum samfélagsins. Mikilvægt er að nýta það tækifæri.

Sterkir innviðir gegna lykilhlutverki í umhverfisvænni framtíð. Með því að styrkja flutnings- og dreifikerfi skilar græna orkan sér þangað sem hennar er þörf. Áfram þarf að byggja upp fráveiturnar í landinu og vernda vatnsból. Þannig viðhöldum við sjálfbærni dýrmætustu auðlinda landsins.

Með því að nýta auðlindir landsins á sjálfbæran hátt hefur verið lagður grunnur að efnahagslegri velferð og lífsgæðum á Íslandi og erum við fyrirmynd annarra þjóða í umhverfisvænni orkuvinnslu og notkun. Mikilvægt er að nýta allar leiðir til orkusparnaðar enda er fyrir séð að orkuþörf eykst með vaxandi fólksfjölda og aukinni uppbyggingu atvinnulífsins. Um leið verður að mæta alþjóðlegum kröfum um minnkun útblásturs koltvísýrings í andrúmsloftið og viðhalda efnahagsvexti þjóðarbúsins. Ný orkustefna fyrir Ísland þarf að hafa þetta að leiðarljósi og stuðla þannig að áframhaldandi lífsgæðum á sjálfbæran máta.